

í 3. gr. erindisbrjefs hans, þar sem honum er gjört að skyldu, að standa landssjóði skil á tekjum umboðsins í peningum eptir verðlagsskrár verði á þeim landaúrum, er leigulið-  
 ar kunna að gjalda í, og sjerstaklega að því er snertir kúgildaleigur þær, sem honum  
 ber að innheimta sem umboðsmanni og sem allar sjeu goldnar í smjöri, tekur það fram,  
 hvílikt fjártjón það sje fyrir sig, að verða að svara til þeirra eptir verðlagsskrárverði á  
 smjöri, þóað gangverð smjörsins, eins og eigi sjer stað nú í haust, sje lægra en verð-  
 lagsskrárverð þess. Hefur hann þess vegna farið þess á leit, að sjer verði leyft annað-  
 hvort í eitt skipti fyrir öll eða að minnsta kosti í haust, að selja við uppboð allt það  
 leignasmjör, sem gelzt eptir umboðsjarðirnar, þannig að hann ekki svari til herra verðs  
 á smjörinu, en uppboðsandvirðisins.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknan-  
 legrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofannefndum umboðsmanni, að með því að leigu-  
 liðar á þjóðjörðum, sem fengið hafa byggingu eptir að ráðgjafabrjef 25. maí 1880 kom  
 út, eiga að vera skyldir til að greiða leigurnar eptir meðalverði allra meðalverða eða  
 eptir *verði* á smjöri eins og það er sett í verðlagsskránni, þá verður það að vera skaði  
 umboðsmannsins, ef hann hjer tekur við leigunum í smjöri án uppþótar, þóað gang-  
 verð þess sje lægra en verðlagsskrárverðið. En þar sem leiguliðar aptur, eins og á sjer  
 stað eptir eldri byggingarbrjefum, hafa rjett til að gjalda kúgildaleigurnar í smjöri, gæti  
 það orðið ósanngjarnt, að umboðsmaður væri látinn svara til þeirra eptir smjörverði  
 verðlagsskrárinnar, þegar það er herra en gangverð smjörsins, og vil jeg þess vegna  
 veita samþykki mitt til þess, að það leignasmjör, sem gelzt í haust frá þeim umboðs-  
 jörðum, sem þannig eru byggðar, verði selt við opinbert uppboð, og landssjóði aðeins  
 staðið skil á uppboðsandvirði smjörsins.

— Brjef landshöfðingja til póstmeistarans um flutning póstsendinga frá pósta-  
 greiðslustaðnum Höfða til Seyðisfjarðar eða Eskifjarðar. — Með því að sú breyting  
 er á komin frá því sem áður var í ferðaáætlun þeirri fyrir landpóstana, er út var gef-  
 in 27. f. m., að pósturinn frá Grímsstöðum til Seyðisfjarðar og pósturinn frá Bjarna-  
 nesi til Eskifjarðar mega nú á leiðinni til þessara staða fara til endastöðva póstleiðanna  
 án þess að bíða hvor eptir öðrum á Höfða, einsog verið hefir hingaðtil, og það því  
 getur komið fyrir, einkanlega að sendingar, sem koma frá Bjarnanesi og eiga að fara  
 til Seyðisfjarðar, en einnig að sendingar sem koma frá Grímsstöðum og eiga að fara  
 til Eskifjarðar verði að liggja lengi á Höfða, ef ekki vill svo til, að báðir póstarnir,  
 Seyðisfjarðarpóstur og Eskifjarðarpóstur mætist þar, þá vil jeg hjermeð samkvæmt til-  
 lögu yðar, herra póstmeistari, í þóknanlegu brjefi dags. í gær, veita samþykki mitt til  
 þess, að póstafrgreiðslumanninum á Höfða sje gefin heimild til að kosta ferð ofan á  
 Seyðisfjörð eða Eskifjörð með sendingar þær, er kynnu að koma til þessarar póstafrgreiðslu  
 með þeim af nefndum tveim aðalpóstum, sem seinna kæmi að Höfða, þó svo, að gætt  
 sje allrar sparneytni til þessara sendiferða og má paraðauki ekki senda með þeim pen-  
 ingasendingar eða ábyrgðarsendingar, nema úppá ábyrgð póstafrgreiðslumannsins á Höfða  
 sjálfs eða sendanda, þegar hann með utanáskript á sendinguna óskar þess, að hún sje  
 send þannig úppá sína ábyrgð.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráð-  
 stöfunar.